

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 46/2014

046-2014i

frá 8. apríl 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1197/2013 frá 25. nóvember 2013 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 674/2013/ESB frá 25. nóvember 2013 um viðmiðunarreglur um I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XVI. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009):
„– **32013 R 1197**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1197/2013 frá 25. nóvember 2013 (Stjtið. ESB L 315, 26.11.2013, bls. 34).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009):
„1aa. **32013 D 0674**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 674/2013/ESB frá 25. nóvember 2013 um viðmiðunarreglur um I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (Stjtið. ESB L 315, 26.11.2013, bls. 82).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1197/2013 og framkvæmdarákvörðunar 2013/674/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. apríl 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. apríl 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 315, 26.11.2013, bls. 34.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 315, 26.11.2013, bls. 82.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.